

Borgarráð

***Málstefna Reykjavíkurborgar - Starfshópur***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um málstefnu Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Starfshópurinn hefur það hlutverk að marka heildstæða málstefnu fyrir Reykjavík skv. 130 gr. sveitastjórnarlaga. Hópurinn skal móta stefnu um birtingu texta og efnis, semja reglur um málnotkun og málsnið, notkun táknmáls, íslensk punktaleturs og auðlesið efni og um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á þeirra móðurmáli eða annarri tungu en íslensku.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Drög að erindisbréfi starfshóps um málstefnu Reykjavíkurborgar.

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um mótun málstefnu Reykjavíkurborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Hlutverk starfshóps:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að marka heildstæða málstefnu fyrir Reykjavík skv. 130 gr. sveitastjórnarlaga. Hópurinn skal móta stefnu um birtingu texta og efnis, semja reglur um málnotkun og málsnið, notkun tákna, íslensk punktaleturs og auðlesið efni og um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á þeirra móðurmáli eða annarri tungu en íslensku. Tekin verða mið af mannréttindastefnu borgarinnar, upplýsingastefnu og þjónustustefnu við gerð málstefnunnar. Mál sem notað er í starfsemi sveitarfélagsins eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt og skal vinna hópsins taka mið af framangreindum þáttum.

Einnig verði haft til hliðsjónar annað efni sem gagnast vinnunni og mögulega málstefnur annarra sveitarfélaga eða hins opinbera við gerð málstefnu Reykjavíkur.

### Helstu verkefni:

- Að leggja fram heildstæða málstefnu fyrir Reykjavík.
- Að hafa samráð við hagsmunahópa við gerð málstefnunnar.
- Að gera tillögu um innleiðingaráætlun á grundvelli stefnunnar.
- Að taka tillit til þegar markaðrar stefnu á vegum Reykjavíkur.
- Að gera tillögu að framsetningu efnis á vegum Reykjavíkurborgar.

### Starfshópin skipa:

Sigrún Björnsdóttir, upplýsinga- og vefdeild (formaður).

Tómas Ingi Adolfsson, mannréttindaskrifstofu.

Tveir fulltrúar tilnefndir af Íslenskri málnefnd.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Við gerð stefnunnar leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

### Starfstímabil:

Niðurstöður starfshópsins verði lagðar fyrir borgarráð fyrir lok maí 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson